

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum í 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi, sem hann á lögheimili í, þegar framboðsfrestur rennur út.

Kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skulu sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neytt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. mars 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

19. mars 1982.

## LÖG

Nr. 10.

### um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skal fara með eins og kjörskrárkerur.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kjörseðlar við kosningu sýslunefndarmanna skulu gerðir með sama hætti og kjörseðlar við hreppsnefndarkosningu, en með öðrum lit.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við hinar almennu sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 22. maí 1982, skal leggja kjörskrá fram einum mánuði fyrir kjördag, og skal hún liggja frammi í tvær vikur.

*Gjört í Reykjavík, 19. mars 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*